Gjöld: 127

1. Sýslugjöld (þar í fje til eflingar búnaði 210 kr.)		1615 14
2. Vegabótakostnaður		784 54
3. Eptirstöðvar til næsta árs:		
a) Niðurjöfnunargjald o. s. frv.	kr. 471,51	
b) Vegagjald	— 253,03	724 54
	Samtals	3124 22

II. Snæfellness- og Hnappadalssýsla. 128

Tekjur:

	Kr. a.
1. Eptirstöðvar frá f. á.	178 95
2. Niðurjöfnunargjald	1050 20
3. Vegagjald	853 45
Samtals	2082 60

Gjöld:

1. Sýslugjöld		1097 75
3. Vegabótakostnaður		873 50
3. Eptirstöðvar til næsta árs:		
a) Niðurjöfnunargjald	kr. 111,35	
b) Vegagjald	— » »	111 35
	Samtals	2082 60

III. Dalasýsla. 129

Tekjur:

	Kr. a.
1. Eptirstöðvar frá f. á.	1228 65
2. Niðurjöfnunargjald	300 78
3. Vegagjald	510 97
4. Styrkur úr landsjóði til eflingar búnaði	220 »
5. Afborganir og vextir af hallærislánum o. s. frv.	2967 42
Samtals	5227 82

Gjöld:

1. Sýslugjöld (þar í fje til eflingar búnaði 220 kr.)		3530 62
2. Vegabótakostnaður		510 97
3. Eptirstöðvar til næsta árs:		
a) Niðurjöfnunargjald (parí andvirði fyrir selda fasteign)	kr. 1186,23	
b) Vegagjald	— » »	1186 23
	Samtals	5227 82

IV. Barðastrandarsýsla. 130

Tekjur:

	Kr. a.
1. Eptirstöðvar frá f. á.	846 12
Flyt:	846 12

130

	Flutt:	846 12
2. Niðurjöfnunargjald		479 77
3 Vegagjald		572 25
4. Afborgun og vextir af hallærislánum o. fl. . .		786 30
	Samtals	2684 44
Gjöld:		
1. sýslugjöld		1295 52
2. Vegabótakostnaður		622 65
3. Eptirstöðvar til næsta árs:		
a) Niðurjöfnunargjald	kr. 536,85	
b) Vegagjald	— 229,42	766 27
	Samtals	2684 44

Framh.

LAUSN FRÁ EMBÆTTI.

Hinn 10. sept. 1890 veitti hans hátign konungurinn sýslumanni í Árnessýslu, Stefáni Bjarnarsyni, lausn í náð frá tjeðu sýslumannsembætti frá 1. nóvbr. næstkomandi að reikna, með eptirlaunum.

ÓVEITT EMBÆTTI.

er ráðgjafinn fyrir Ísland hlutast til um veitingu á.

Sýslumannsembættið í Árnessýslu er laust frá 1. nóvbr. næstkomandi að reikna. Launin eru 3500 kr. á ári.

Sæki aðrir en Íslendingar um embætti þetta, eiga þeir samkvæmt konungsbrjefi 8. apríl 1844 og konungsúrskurðum 27. maí 1857 og 8. febrúar 1863 að láta bónarbrjefum sínum fylgja tilhlýðileg vottorð um, að þeir kunni íslenzku.

Auglýst 13. septbr. 1890.

Bónarbrjefin eiga að vera komin til ráðgjafans 10. desbr. 1890.

ÓVEITTAR SÝSLANIR

er veittar verða af ráðgjafanum fyrir Ísland.

Hinn fasti kennari við stýrimannaskóla þann, er stofna á í Reykjavík samkvæmt lögum 22. maí 1890, verður skipaður frá 1. marz 1891. Launin eru 1500 kr. á ári.

Sæki aðrir en Íslendingar um kennarasýslan þessa, eiga þeir að láta bónarbrjefum sínum fylgja tilhlýðileg vottorð um að þeir kunni íslenzku, á sama hátt og heimtað er í konungsbrjefi 8. apríl 1844 og konungsúrskurðum 27. maí 1857 og 8. febrúar 1863, þegar um embættaveitingar er að ræða.

Auglýst 8. sept. 1890.

Bónarbrjefin, er stýla á til ráðgjafans fyrir Ísland, eiga að vera til hans komin 10. desbr. 1890.

Önnur málsfærslumanns-sýslanin við landsyfirrjettinn er laus. Sýslan þessari er lögð 800 kr. þóknun á ári ár landssjóði.

Sæki aðrir en Íslendingar um sýslan þessa, eiga þeir samkvæmt konungsbrjefi 8. apríl 1844 og konungsúrskurðum 27. maí 1857 og 8. febrúar 1863 að láta bónarbrjefum sínum fylgja tilhlýðileg vottorð um að þeir kunni íslenzku.

Auglýst 13. septbr. 1890.

Bónarbrjefin eiga að vera komin til ráðgjafans 10. desbr. 1890.